

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 260/2014

2015/EES/71/07

frá 12. desember 2014

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 264/2014 frá 14. mars 2014 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á pólývínýlprýrrólídonvínýlasetatsamfjölliðu í fæðubótarefni í föstu formi og á viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 að því er varðar nákvæmar skilgreiningar ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 497/2014 frá 14. maí 2014 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 og viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 að því er varðar notkun á advantami sem sætuefni ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 505/2014 frá 15. maí 2014 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun karamellubrunna litarefna (E 150a-d) í bjór og maltdrykki ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 506/2014 frá 15. maí 2014 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 og viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 að því er varðar etýlláróylargínat sem rotvarnarefni í tiltekna hitameðhöndlaðar kjötafurðir ⁽⁴⁾.
- 5) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og fram kemur í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 6) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 54zzzzr (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „– **32014 R 0264**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 264/2014 frá 14. mars 2014 (Stjtið. ESB L 76, 15.3.2014, bls. 22),
- **32014 R 0497**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 497/2014 frá 14. maí 2014 (Stjtið. ESB L 143, 15.5.2014, bls. 6),
- **32014 R 0505**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 505/2014 frá 15. maí 2014 (Stjtið. ESB L 145, 16.5.2014, bls. 32),
- **32014 R 0506**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 506/2014 frá 15. maí 2014 (Stjtið. ESB L 145, 16.5.2014, bls. 35).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 76, 15.3.2014, bls. 22.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 143, 15.5.2014, bls. 6.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 145, 16.5.2014, bls. 32.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 145, 16.5.2014, bls. 35.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 264/2014, (ESB) nr. 497/2014, (ESB) nr. 505/2014 og (ESB) nr. 506/2014, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 13. desember 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 12. desember 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.